

Ályktun um orkumál

66. Fjórðungspings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021 beinir því til Stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að standa fyrir því að á árinu 2022 að tekið verði fyrir víðtækt samtal um framtíð orkunýtingarkosta á Vestfjörðum. Úr því samtali og þeirri vinnu verði kortlagðir þeir virkjunarkostir sem í boði eru á svæðinu. Nauðsynlegt er fyrir framleiðendur orkunnar að slík vinna sé unnin svo ekki komi til þess að óðagot verði í vali á orkunýtingarkostum þegar stöðum er fundið hlutverk eða þau friðuð.

Fjórðungssambandið og Vestfjarðarstofa stýri þessari vinnu í samráði við sveitarfélögin á svæðinu og Orkufyrirtæki og skili þessari vinnu af sér á Haustþingi árið 2022.